

Sigurður Jónsson
Eyvindartungu
840 Laugarvatn

2002040067
8712; 9310

Reykjavík, 22. maí 2002
/--

Efni: Endurnýjun og stækkun heimarafstöðvar í Eyvindartungu, Laugardalshreppi í 180 kW. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Eyvindartungu ehf dags. 22. apríl 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt endurnýjun og stækkun heimarafstöðvar í Eyvindartungu, Laugardalshreppi í 180 kW samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Laugardalshrepps og Fornleifaverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Laugardalshreppi með bréfi dags. 16. maí 2002 og Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 15. maí 2002. Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 17. maí 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að uppsett afl núverandi virkjunar við Sandá í landi Eyvindartungu, Laugardalshreppi sé um 75 kW. Hæð núverandi stíflu í ánni sé um 3.20 m og lengd hennar um 30 m. Stærð núverandi lóns sé á milli 1000 og 1500 m². Fyrirhuguð sé bygging nýrrar virkjunar við Sandá og verði uppsett afl hennar 180 kW. Framkvæmdir felist í hækkun núverandi stíflu um 1,5 m, byggingu nýs 30 m² stöðvarhúss, uppsetningu nýrrar túrbínu og lagningu um 350 m langs aðrennslisrörs frá úttaki við stíflu að stöðvarhúsi. Fram kemur að rörið verði um 1100 mm að þvermáli og verði grafið í jörðu. Að stífluf framkvæmdum loknum muni lónstærð verða um 2000 m² og fallhæð um 21 m. Tilgangur með framkvæmdunum sé aukning orkuframleiðslu og sala á raforku.

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði lítil. Framkvæmdin sé ekki innan svæðis sem njóti verndar og með framkvæmdinni sé verið að nýta náttúruauðlind sem eyðist ekki, valdi hvorki ónæði né

mengun og leiði ekki til úrgangsmyndunar. Framkvæmdaraðili telji að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Laugardalshrepps kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að fornleifar hafi ekki verið skráðar á jörðinni Eyvindartungu. Í gögnum framkvæmdaraðila sé listi yfir fornleifar, m.a. í landi Eyvindartungu og sé Myllutóft á þeim lista. Ef marka megi staðsetningu hennar á örnefnakorti virðist tóftin geta verið á framkvæmdasvæðinu eða nærri því. Fornleifavernd ríkisins telji ekki þörf á að fyrirhuguð framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum en leggi áherslu á að taka þurfi fullt tillit til Myllutóftar ef staðsetning hennar sé á þá vegu að hætta verði á því að hún raskist við framkvæmdirnar. Fram kemur að tóftina beri að vernda ef kostur sé en rannsaka hana að öðrum kosti skv. nánari ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins. Þá bendi stofnunin á 10., 12. og 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001 þar sem fram komi að óheimilt sé að spilla eða breyta fornleifum nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og að tilkynna beri fund á áður óþekktum fornleifum til stofnunarinnar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað stöðvarhús sé það langt frá Myllutóft að framkvæmdirnar raski henni ekki á neinn hátt.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða hækkun núverandi stíflu í Sandá í landi Eyvindartungu, Laugardalshreppi um 1,5 m, byggingu nýs stöðvarhúss og lagningu um 350 m langs aðrennslisrörs frá úttaki stíflu að stöðvarhúsi. Við framkvæmdirnar stækkar lón bak við stíflu um 500-1000 m², þ.e. úr milli 1000 og 1500 m² í um 2000 m² og uppsett afl virkjunarinnar eykst úr 75 kW í 180 kW. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða framkvæmd sem er hvorki stór í sniðum né umfangsmikil og hefur ekki sammagnandi áhrif með öðrum framkvæmdum. Rafstöð og stíflumannvirki hafa verið á svæðinu í um 70 ár. Fyrir liggur að við framkvæmdirnar muni lónstæði stækka um milli 500-1000 m² og að leggja þurfi nýtt aðrennslisrör og byggja nýtt stöðvarhús. Framkvæmdin hefur ekki í för með sé mengun eða úrgangsmyndun og er ekki á svæði sem nýtur verndar samkvæmt náttúruminjasrá. Ennfremur mun framkvæmdin ekki raska þekktum fornleifum. Skipulagsstofnun telur að rask vegna lagningar afrennslisrörs og byggingu stöðvarhúss verði ekki verulegt og að ekki séu líkur á að vatnafar Sandár breytist mikið við stíflugerð.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða

Skipulagsstofnunar að endurnýjun og stækkun heimarafstöðvar í Eyvindartungu, Laugardalshreppi í 180 kW sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er í samræmi við staðfest aðalskipulag Laugardalshrepps 2000-2012. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Laugardalshrepps.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. júní 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Laugardalshreppur og Fornleifavernd ríkisins